

12. gr.

Gatnagerðargjöld samkvæmt 11. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað þegar byggingarleyfi er veitt.

13. gr.

Gatnagerðargjald skv. 11. grein fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli er lokið, eða einum mánuði eftir að byggingarleyfi er veitt, sé um hús við fullgerða götu að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða hluta gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi eign og ákveður bæjarstjórn við hverja álagningu hvaða vexti þau skuli bera. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs spari-sjóðsbók.

14. gr.

Afturvirkni B-gjalda verður ekki beitt, þrátt fyrir heimild í 4. grein laga um gatnagerðargjöld.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 11. gr. skal gatnagerðargjald aldrei nema hærri upphæð en nemur áætludum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi sbr. 2. og 11. gr. laga um gatnagerðargjöld.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1980:

Kjósarsýsla:

Grásteinar á garðyrkjubýli í landi Hraðastaða, Mosfellshreppi.
Sveifla á loðdýraræktarbýli í landi Krýsuvíkur.
Steinahlíð á þjónustubýli í landi Helgafells II, Mosfellshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Furugrund á garðyrkjubýli í landi Kleppjárnshreppja, Reykholtshreppi.
Hyrningur á iðnaðarbýli í landi Kleppjárnshreppja, Reykholtshreppi.

Snæfellsnessýsla:

Geirakot á jörðunum Geirakot og Haukabrekka, Fróðarárhreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Lambeyri á iðnaðarbýli í landi Laugarhvatns, Lýtingsstaðahreppi.
Tröð á smábýli í landi Gils, Skarðshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Klöpp á loðdýraræktarbúi í landi Sólbergs, Svalbarðsstrandarhreppi.
Brattahlíð á nýbýli í landi Breiðuvíkur, Tjörneshreppi.
Björg II á smábýli í landi Bjarga, Ljósavatnshreppi.
Húsabrekka á garðyrkjubýli í landi Halllands, Svalbarðsstrandarhreppi.
Laugavellir á jörðunum Laugavellir og Stóru-Laugar II, Reykdælahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Vakursstaðir I á jörðunum Vakursstaðir I og III, Vopnafjarðahreppi.

Suður-Múlasýsla:

Þrándarstaðir II á iðnaðarbýli í landi Þrándarstaða, Eiðahreppi.

Rangárvallasýsla:

Þjórsárþakki á garðyrkjubýli í landi Háfshjáleigu, Djúpárhreppi.

Árnessýsla:

Brekkugerði á þjónustubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Kjóastaðir II á nýbýli í landi Kjóastaða, Biskupstungnahreppi.
Brjánsstaðir II á þjónustubýli í landi Brjánsstaða, Grímsneshreppi.
Melar á nýbýli í landi Varmalækjar, Hrunamannahreppi.
Leynir II á garðyrkjubýli í landi Leynis, Laugardalshreppi.
Rimi á garðyrkjubýli í landi Torfastaðakots (nú Vegatungu) og Torfastaða, Biskupstungnahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1980.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.